

Þriðjudaginn 6. apríl 1993.

Nr. 12/1993.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Júlíusi Kristjáni Thomassen

(Jón Oddsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvaldsins. Krefst ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði gerir kröfu um sýknu eða niðurfellingu refsingar á sama hátt og í héraði.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á niðurstöðu hans um sakfellingu ákærða fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Í málinu eru ekki fram komnar ástæður til þess, að reynslulausn ákærða verði látin haldast eftir þetta brot hans. Með vísan til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber einnig að staðfesta ákvæði hans um viðurlög á hendur ákærða, og á dómurinn að vera óraskaður.

Gera ber ákærða að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Júlíus Kristján Thomassen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 5. nóvember 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 5. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-7/1992: Ákærvaldið gegn Júlíusi Kristjáni Thomassen, sem tekið var til dóms hinn 2. s. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali sýslumannsins á Ísafirði, dagsettu 30. september 1992, á hendur ákærða, Júlíusi Kristjáni Thomassen sjómanni, Seljalandsvegi 100, Ísafirði, kt. 080769-3359, „fyrir að aka aðfaranótt mánudagsins 31. ágúst 1992, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni Í-1391, frá bifreiðastæði við veitingahúsið Sjallann, yfir Austurveg og á bifreiðastæðið við Kaupfélag Ísafjarðar, þar sem lög-reglan hafði afskipti af akstri hans.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987“.

— — —

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Aðfaranótt mánudagsins 31. ágúst síðastliðins kl. 1.48 voru lögreglu-menn á Ísafirði í eftirlitsferð um Austurveg, er þeir veittu athygli bifreiðinni Í-1391, þar sem verið var að ýta henni frá bifreiðastæði við veitingahúsið Sjallann, yfir Austurveg og inn á bifreiðastæði við Kaupfélag Ísfirðinga, þar sem ferð hennar var stöðvuð. Sat þá undir stýri ákærði í málinu, sem síðan færði sig yfir í farþegasæti við hliðina og steig út úr bifreiðinni í þann mund, er lögregluna bar að. Afhlé bifreiðarinnar var þá í gangi. Vegna grunar um ölvun við akstur var ákærði færður á lögreglustöð bæjar-ins, en umsjón bifreiðarinnar falin Sigurlaugu Maríu Bjarnadóttur, kt. 280974-3229, sem ók henni burt af vettvangi.

Við skýrslutöku sömu nótt kannaðist ákærði við að hafa gangsett vél bifreiðarinnar, en gaf þá skýringu á háttseminni, að hann hefði aðeins verið að aðstoða Sigurlaugu við að koma bifreiðinni í gang, enda kveikjúlás hennar bilaður og Sigurlaug ekki treyst sér til að gangsetja hana með þeim ráðum, sem beita þurfti. Hafi síðan verið ráðgert, að hún myndi ein aka bifreiðinni. Til að ræsa vélina kvaðst ákærði í félagi við nokkra aðra hafa ýtt bifreiðinni af stað og ákærði þá stigið á „kúplinguna“ með öðrum fæti, en þegar bifreiðin hafði náð hæfilegri ferð, hefði hann sest inn í hana og lyft fæti af cúplingunni með þeim afleiðingum, að vélin hrökk í gang. Þrýsti ákærði síðan nokkrum sinnum á eldsneytisgjöfina, áður en hann steig út úr bifreiðinni.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða sömu nótt kl. 1.57 tekið blóð til alkóhólákvörðunar. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á umræddu blóðsýni reyndist magn alkóhóls í blóði hans vera 1,62‰.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt ákærana rétta, en jafnframt borið, að hann hafi ekki talið sig vera að aka bifreiðinni í venjulegum skilningi, heldur aðeins verið að aðstoða við gangsetningu hennar. Hafi hann í því skyni sest undir stýri, eftir að bifreiðin var komin á ferð, sett hana í gír og sleppt upp kúplingunni með þeim afleiðingum, að aflvélin hrökk í gang. Kvað ákærði bifreiðina aðeins hafa runnið áfram 1-2 metra, eftir að hann settist inn, en síðan hefði hann stigið á fóthemla bifreiðarinnar og hún numið staðar. Hann kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að um refsivert at-hæfi væri að ræða af sinni hálfu. Ákærði staðfesti annars framburð sinn hjá lögreglu og gerði ekki athugasemdir við önnur gögn málsins.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af framburði ákærða við rannsókn og meðferð málsins, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið, er sannað, að ákærði hefur greinda nótt í félagi við vitnin Ólaf Helgason og Elías Kára Halldórs-son ýtt bifreiðinni Í-1391 þá leið, sem rakin er í ákæruskjali. Einnig er sannað, að á nefndri leið bifreiðarinnar hefði ákærði sest inn í hana með annan fót á kúplingu, sett hana í gír og því næst sleppt kúplingunni með þeim afleiðingum, að aflvél bifreiðarinnar hrökk í gang. Í framhaldi af því hafi ákærði stigið á fóthemla bifreiðarinnar, uns hún stöðvaðist, en því næst fært sig úr ökumannssæti yfir í farþegasæti og stigið út úr bifreiðinni í þann mund, er lögregla kom á vettvang. Hefur ákærði staðfastlega haldið því fram, að með gangsetningu bifreiðarinnar hafi aðeins vakað fyrir sér að aðstoða vitnið Sigurlaugu Maríu Bjarnadóttur, þar sem kveikjulás bifreiðarinnar hafi verið bilaður, en síðan hafi verið ráðgert, að Sigurlaug annaðist ein akstur bifreiðarinnar. Er ekkert fram komið í málinu, sem hnekkir þessum framburði ákærða eða veikir, en stoð fær hann í framburði Ólafs, Elíasar og Sigurlaugar við skýrslugjöf hjá lögreglu, sem hefur ekki verið mótmælt. Loks er sannað með eigin játningu ákærða, sem styðst við önnur gögn málsins, að hann hefur umrædda nótt við greinda háttsemi verið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum.

Kemur þá til álita, hvort gangsetning bifreiðarinnar með framangreindum hætti feli í sér brot á 45. gr. umferðarlaga, en þar segir í 1. mgr., að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann er undir áhrif-um áfengis. Með því að ákærði stuðlaði að því, að bifreiðin rann af stað, settist síðan undir stýri hennar gagngert í því skyni að gangsetja hana og steig að því loknu á fóthemla bifreiðarinnar, uns hún stöðvaðist, telur

dómurinn sannað, að ákærði hafi með umræddri háttsemi stjórnað nefndri bifreið í skilningi téðs lagaákvæðis og þannig gerst sekur um brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Sakaferill ákærða.

[Ákærði hefur fjórum sinnum undirgengist greiðslu sektar og sætt sex refsíðadómum. Hann var 1988 sviptur ökuleyfi eitt ár. Árið 1991 var hann sviptur leyfinu tvö ár og síðar sama ár sviptur ökuleyfi ævilangt. Honum var 28. júlí 1992 veitt reynslulausn af eftirstöðvum refsivistar, 195 dögum.]

Refsing og önnur viðurlög.

Með broti því, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, hefur hann rofið skilorð ofangreindrar reynslulausnar frá 28. júlí 1992, og ber nú samkvæmt 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, að dæma ákærða refsingu fyrir það brot, sem nú er til meðferðar, og taka jafnframt upp reynslulausnina eftir reglum 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna svo og 3., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. sömu laga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi átta mánuði, sem ekki þykir fært að skilorðsbinda, þegar litið er til sakaferils ákærða.

Ákærði var sviptur ökuréttindum ævilangt með dómi, upp kveðnum 9. desember 1991. Að kröfu ákæruvalds ber nú að áréttta þá sviptingu með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga, og skal ákærði samkvæmt því vera sviptur ökuréttindum ævilangt frá dómsuppkvaðningu. Samkvæmt 104. gr. nefndra laga, sbr. 2. mgr. 139. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, ber að ákveða, að áfrýjun dómsins fresti ekki ákvæðum hans að þessu leyti.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, sem þykja hæfilega ákveðin 20.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Björns Jóhannessonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 30.000 kr., að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Júlíus Kristján Thomassen, sæti fangelsi átta mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá dómsuppkvaðningu að telja, og frestar áfrýjun dómsins ekki framkvæmd hans að þessu leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Björns Jóhannessonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur, að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti.